

## 5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

## 6. gr.

Verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en segir í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði Vallahrepps skal framkvæma eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (-fulltrúa) og fulls þrífnaðar gætt.

## 7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald í gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald innheimtist af íbúðum í þéttbýli sem njóta ofangreindrar þjónustu.

Íbúar (íbúðarhafar) í þreifbýli og eigendur sumarhúsa greiði samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar í samræmi við veitta þjónustu.

## 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Vallahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

## 9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka og hirða úr þeim.

## 10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Vallahrepps er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu í Vallahreppi, S-Múlasýslu.

## 1. gr.

Sorphirðugjald í Vallahreppi (þéttbýli) fyrir árið 1991 skal vera kr. 3 900 skv. 7. gr. samþykktar um sorphirðu í Vallahreppi frá 16. maí 1991.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Vallahrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

*Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**SAMÞYKKT****um sorphirðu í Fellahreppi.**

## 1. gr.

Fellahreppur annast alla sorphirðu í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar (-fulltrúa).

## 2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Fellahreppi, þar sem sorphirða er framkvæmd, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

## 3. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarúrgang, gras o.þ.h. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og má því ekki fara í sorpílátin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar, með sorpi í, mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega mega loka þeim.

## 4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Í sambandi við stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Verði tekið upp sorphirðugjald skv. 7. gr., leggur Fellahreppur til einn sorppoka fyrir hverja íbúð vikulega. Aukapoka má fá keypta í verslunum.

## 5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutadeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

## 6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en segir í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá